

Fundargerð 27. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 13. júní 2016, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Johan D Jónsson, Ásgeir Eiríksson, Magnea Guðmundsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Sigrún Elefsen, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður H. Aradóttir Braun (Markaðsstofa Reykjanes). Guðlaugur H. Sigurjónsson sat fundinn sem gestur.

1. Þjónustuhús við Reykjanesvita

Verk- og kostnaðaráætlanir frá Reykjanes Aurora (óstofnað félag) lagðar fram ásamt yfirlýsingu um fjármögnun. Stjórn leggur til við Reykjanesbæ að lóðinni verði úthlutað til Reykjanes Aurora. Stjórnin beinir því til Reykjanesbæjar að setja skilmála um framkvæmdahraða í samræmi við þá verkáætlun sem liggur fyrir.

Verkefnastjóra og formanni stjórnar falið að vinna samkomulag við Reykjanes Aurora um notkun á bílastæði við Reykjanesvita.

Stjórnin telur jákvætt ef Reykjanes Aurora fái heimild til að koma fyrir bráðabirgðaaðstöðu fyrir sölu veitinga og þjónustu verði það ekki til þess að uppbygging þjónustumiðstöðvar tefjist.

2. Bílastæði við Reykjanesvita

Lagðar fram teikningar af bílastæði við Reykjanesvita sem byggja á nýsamþykktu deiliskipulagi. Teikningarnar gera ráð fyrir því að hægt verði að ráðast í framkvæmdir í þremur áföngum. Samþykkt að bjóða verkið út.

3. Framkvæmdir við Brimketil

Unnið er að útreikningum burðarpols útsýnispalla við Brimketil og að undirbúningi útboðs. Grindavíkurbær mun annast útboðið. Samþykkt að bjóða verkið út.

4. GEOfood

Þuríður sótti fund um GEOfood verkefnið sem að fram fór í Magma Geopark í maí. Verkefninu lýkur í júní.

5. Ráðstefna í Ralsko Geopark

Þuríður og Ásgeir sögðu frá ráðstefnu í Ralsko Geopark í Tékklandi sem þau sóttu í maí ásamt Arnbirni Ólafssyni frá Keili.

6. Geoparkvika 6.-11. júní

Reykjanes Geopark stóð fyrir sinni fjórðu Geoparkviku 6.-11. júní. Í boði voru m.a. gönguferðir, kynnisferðir fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu auk þess sem út kom nýtt gönguleiðakort fyrir svæðið.

7. Nýtt gönguleiðakort fyrir Reykjanes Geopark

Reykjanes Geopark hefur gefið út gönguleiðakort fyrir Reykjanesskaga. Kortið er unnið með styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar.

8. Viljayfirlýsing við HS Orku og Bláa Lónið um uppbyggingu ferðamannastaða

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu við HS Orku og Bláa Lónið um uppbyggingu ferðamannastaða í Reykjanes Geopark. Stjórnin fagnar auknum stuðningi fyrirtækjanna við uppbyggingu ferðamannastaða. Formanni stjórnar falið að undirrita yfirlýsinguna.

9. Fluglest milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur

Rætt um lestarsamgöngur milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur.

10. Samgöngur á Reykjanesskaga

Stjórnstöð ferðamála ásamt SAF vinnur að því að meta þarfir og óskir ferðapjónustunnar í samgöngumálum. Verkefnastjóra falið að senda tillögu að forgangsöröðun á Stjórnstöð ferðamála.

11. Skuldastaða Ferðamálasamtaka Reykjaness gagnvart Reykjanes Geopark

Ferðamálasamtök Reykjaness óska eftir því að skuld að Reykjanes Geopark afskrifi 30% af 636.215 kr. skuld vegna árgjalda og framkvæmda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10.

Fundargerð ritaði: ESJ